

154

10. sept.

11. gr.
Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi eigenda Félagsprentsmiðjunnar h/f hinn 1. maí 1940.

Reykjavík, 30. ágúst 1940.

Félagsprentsmiðjan h/f.

P. P. J. Gunnarsson. Þór. Kristjánsson. Kristján Guðlaugsson.

155

11. sept.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Fiskræktar- og veiðifélagið Blöndu,
nr. 14 5. marz 1930, sbr. auglýsingu nr. 53 27. marz 1939.

Í stað „Hnjúkur, 180 einingar“ og „Blönduós, 200 einingar“, komi: Blönduós-hreppur 700 einingar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. september 1940.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

156

13. sept.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Guðrúnar Einarsdóttur og Sigurðar Hafsteinssonar“ útgefin á venjulegan hátt 13. september 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Guðrúnar Einarsdóttur og Sigurðar Hafsteinssonar
búenda í Öxl í Austur-Húnavatnssýslu, árin 1862—1884.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður hjónanna Guðrúnar Einarsdóttur og Sigurðar Hafsteinssonar búenda í Öxl í Austur-Húnavatnssýslu árin 1862—1884. Er hann stofnaður af syni þeirra, Hafsteini Sigurðssyni, sparisjóðsgjaldkera á Blönduósi. Stofnfé sjóðsins er krónur 6000.00 — sex þúsund krónur —, í skuldabréfum Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga (með vaxtamiðum frá 1. jan. 1940).

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum eða hliðstæðum jafntryggum verðbréfum, en laust fé sjóðsins skal jafnan ávaxta í Sparisjóði Húnavatnssýslu.